



# SNÆFELLSBÆR

*...þar sem Jökullinn ber við loft...*

Brýnustu verkefni í vegamálum fyrir Vesturland  
Fundur haldinn á Akranesi 24. janúar 2018



**Kristinn Jónasson**

Bæjarstjóri í Snæfellsbæ

25.1.2018



Í samgönguáætlun SSV fyrir Vesturlands sem unnin var 2016 fyrir árin 2017-2029 segir:

## Megin niðurstöður og áherslur í vegamálum:

- **Tvöföldun vegar á Kjalarnesi** er óhjákvæmileg framkvæmd á allra næstu árum vegna aukinnar umferðar og öryggis vegfarenda. Verkefnið er inni á vegáætlun 2018 og mikilvægt að hefja undirbúning nú þegar.
- Gert er ráð fyrir 1300 m.kr. í samgönguáætlun í færslu vegar við Borgarnes. Tillaga er um að teknar verði upp viðræður við sveitarstjórn Borgarbyggðar um endurskoðun á nýtingu þessa fjármagns til **endurbóta á Þjóðvegi 1 um Borgarnes** og önnur verkefni s.s. lagningu slitlags á tengivegi í héraðinu.
- **Brýnt er að ljúka framkvæmdum við veg yfir Fróðárheiði á árunum 2017 og 2018.**



- **Skorað er á ríkið og Reykjavíkurborg að hefja án tafar undirbúning að lagningu Sundabrautar, sem bætir umferð til og frá höfuðborginni og eykur umferðar- og almannaöryggi. Því fyrr sem raunhæfur undirbúningur verkefnisins hefst eru líkur á að framkvæmdir geti farið af stað innan fárra ára.**
- **Óhjákvæmilegt verður að fara í tvöföldun Hvalfjarðaganga á næstu árum ef og þegar hámarki umferðar um gögnin skv. reglugerð verður náð. Ríkissjóður verður tímanlega að hafa frumkvæði að nauðsynlegum undirbúningi og framkvæmd.**
- **Brýnt er að ljúka framkvæmdum við Uxahryggjaveg sem fyrst og þeim lokið eigi síðar en 2020**
- **Mikilvægt er að Vegagerðin geri sérstaka úttekt á tengivegum á Vesturlandi og forgangsraði framkvæmdum m.t.t. til umferðar og mikilvægis. Verkefnið verði unnið í samvinnu við SSV og þar jafnframt skoðað hvort ná megi fleiri kílómetrum í slitlagi á kostnað minni breiddar vega, þar sem því verður við komið.**
- **Stefna ber að því að útrýma einbreiðum brúm á Vestfjarðavegi í Dalabyggð á árunum 2017 til 2019 (þrjár brýr) og hefjast handa við tvöföldun brúa á tengivegum.**



- **Mikilvægt er að gera nauðsynlegar öryggisúrbætur á gatnamótum tengivega og Þjóðvegur 1 og þeim lokið eigi síðar en árið 2020.**
- Þegar nauðsynlegar vegabætur hafa verið framkvæmdar frá norðurströnd Hvalfjarðar og suður í Kollafjörð er mikilvægt að **veglína og framkvæmdaáætlun um endurbætur á Þjóðvegi 1 um Hvalfjarðarsveit í Borgarnes liggi fyrir.**
- **Brýnt er að hefja framkvæmdir við veginn um Skógarströnd, einkum lagningu slitlags þar sem undirbyggingu er lokið.**
- **Að undirbúningur að þverun Álftafjarðar verði hafinn.**
- **Lagt er til að sveitarfélög á Vesturlandi standi fyrir ráðstefnu í Reykjavík um það hvernig greiðar samgöngur innan Reykjavíkur hafa áhrif á ferðavenjur og öryggi íbúa á Vesturlandi og höfuðborgarsvæðinu.**





## Hvað viljum við/ég:

- Aukið umferðaröryggi vegfarenda.
- Minni ferðatími.
- Framkvæmdum ljúki á sem stystum tíma.
- Góðar samgöngur eru forsendur byggðarþróunar.
- Kjördæmi.





# Næstu skref til árangurs.

- Auknar fjárveiting frá Alþingi til samgöngumála
- Veggjöld
- Blönduð leið
- Annað



Mynd: B. Vigfússon



**Mynd: B. Vigfússon**

**TAKK FYRIR**